

Kynferði er nauðsynlegur eiginleiki sem samræmist eilífum tilgangi



Kennið ritningar- greinar og tilvitnanir sem uppfylla þarfir systranna sem þið heimsækið. Berið vitni um kenninguna. Biðjið systurnar sem þið kennið að miðla af því sem þær upplifa og læra.

Æðsta forsætisráðið og

Tólfpostulasveitin: „Allar mannlegar verur—karlar og konur—eru skapaðar í mynd Guðs. Hver þeirra er ástkær andasonur eða dóttir himneskra foreldra, og sem slík á sér hvert þeirra sér guðlegt eðli og örlög. Kynferði er nauðsynlegur eiginleiki einstaklingsins, sem einkennir hann og samræmist tilgangi hans í fortílveru, jarðneskri tílveru og um eilífð“ („Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,“ *Vonarstjarnan*, júní 1996).

Hvers vegna er kynferði mikilvægt?

Öldungur David A. Bednar í

Tólfpostulasveitinni: „Kynferði ákvarðar að stórum hluta hver við erum, hvers vegna við erum hér á jörðu og hvað við eigum að gera og verða. Karlkyns og kvenkyns andar eru frábrugðnir samkvæmt

guðlegum tilgangi og bæta hvor annan upp. ... Hin sérstæða og aðgreinda andlega, líkamlega, huglæga og tilfinningalega samsetning karla og kvenna var nauðsynleg til að útfæra sæluáætlanina („Marriage Is Essential to His Eternal Plan,“ *Liabona*, júní 2006, 51).

Julie B. Beck, aðalforseti

Líknarfélagsins: „Sem andadætur Guðs hljóta konur ‚fyrstu kennslu sína í heimi andanna og voru búnar undir það að koma fram‘ (K&S 138:56) á jörðu. Þær voru meðal hinna ‚göfugu og miklu‘ (K&S 138:55) sem ‚fögnuðu‘ (Job 38:7) sköpun jarðar, því að þá fengju þær efnislíkama og tækifæri til að ‚sanna‘ (sjá Abr 3:25) sig á jarðnesku sviði. Þær vildu starfa við hlið réttláttra karla til að ná þeim eilífu markmiðum sem hvorugt þeirra getur náð eitt og sér. Hlutverk kvenna á ekki upptök sín á jörðinni og takmarkast ekki við hana. Sú kona sem metur og varðveitir móðurhlutverk sitt á jörðinni sem fjársjóð, mun gera það sama í komandi heimi“ („A ‚Mother Heart,“ *Liabona*, maí 2004, 76).

Hvað get ég gert í sambandi við hlutverk mitt í áætlun himnesks föður?

Margaret D. Nadauld, fyrrverandi

aðalforseti Stúlknafélagsins, sagði:

„Konur Guðs geta aldrei verið eins og konur heimsins. Í heiminum er fullt af harðsnúnum konum. Við þörfnumst blíðra kvenna. Í honum er fullt af grófyrtum konum. Við þörfnumst ljúfra kvenna. ... Í honum eru fullt af frægum og auðugum konum. Við þörfnumst trúarsterkra kvenna“ („The Joy of Womanhood,“ *Liabona*, jan. 2001, 18).

Öldungur M. Russell Ballard í

Tólfpostulasveitinni: „Eðli karla og kvenna í fortílverunni og hinu dauðlega lífi var skilgreint af sjálfum Guði. ... Stundum spyrja konur: ‚Er gildi kvenna algjörlega háð hlutverki þeirra sem eiginkona og móðir?‘ Svarið er einfalt og augljóst: Nei. ... Sérhver réttlátur karl og kona hefur sérstöku hlutverki að gegna í uppbyggingu Guðs ríkis. ...

... Kæru systur, við höfum trú á ykkur. Við höfum trú á ykkur og reiðum okkur á gæsku ykkar og styrk. ... Og við trúum að áætlun Guðs fyrir ykkur sé sú, að þið verðið dtottningar og hljótið allar þær æðstu blessanir sem kona getur hlotið um tíma og eilífð“ („Women of Righteousness,“ *Liabona*, des. 2002, 36–37).